



# Fréttabréf Húnavatnshrepps

Á.b.m Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

2.tbl.2016

*Vinátta – Frumkvæði – Gleði - Frelsi*

## Ágætu sveitungar

Í þessu fréttabréfi verður farið lítillega yfir það sem er að gerast í sveitarfélaginu um þessar mundir. Má þar nefna: Upplýsingar um ljósleiðaravæðingu, söfnun á rúlluplasti, sveitarfund, ársreikninga sveitarfélagsins ofl.

## Söfnun á rúlluplasti:

*Rúlluplasti verður safnað saman í sveitarfélaginu, þriðjudaginn 3. maí og miðvikudaginn 4. maí næstkomandi.*

Nauðsynlegt er að **allir** (þá er átt við alla, þrátt fyrir að þeir telji sig vera á einhverjum föstum lista) þeir sem vilja láta taka rúlluplast hjá sér, tilkynni það til skrifstofu Húnavatnshrepps í síma **452 4660** eða á netfangið: [lana@hunavatnshreppur.is](mailto:lana@hunavatnshreppur.is) fyrir klukkan 11:00 mánudaginn 2. maí næstkomandi. Rúlluplastið verður að vera án spotta, nets og jafnframt hreint.

**Rúlluplastið verður ekki sótt til þeirra sem ekki tilkynna sig.**

## Ársreikningur:

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2015 var lagður fyrir sveitarstjórn þann 15. apríl síðast liðinn. Helstu niðurstöðutölur í ársreikningi voru:

- *Tekjur A og B hluta samtals: 382.030.000 kr.*
- *Gjöld A og B hluta samtals: 366.851.000 kr.*
- *Hagnaður fyrir fjármagnsliði: 15.178.000 kr.*
- *Hagnaður eftir fjármagnsliði: 13.882.000 kr.*
- *Handbært fé frá rekstri: 24.893.000 kr.*
- *Skuldahlutfall: 31%*
- *Stöðugildi í árslok 2015: 25*

## Styrkir:

Húnavatnshreppi var úthlutað tveimur styrkjum í mars síðast liðnum. Þeir voru frá Húsafriðunarsjóði vegna húsa- og byggðakönnunar í sveitarfélaginu að upphæð 700.000 krónur og frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna frekari undirbúnings og hönnunar ferðamannaástöðu við Þrístapa og Ólafslund að upphæð 2.000.000 krónur. Rétt er að geta þess að sveitarfélagið sótti um tólf styrki til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, þar af sitt hvorn styrkinn með sóknarnefnd Þingeyrarklausturskirkju og Landnámi Ingimundar gamla.